



Ráðstöfun þýskra eigna á Íslandi.

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Utanríkismál – Þýskaland – Eignir – Nefnd – Skaðabótakröfur - 1946

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-14, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ráðstöfun þýzkra eigna á Íslandi.

(1.) Nefnd sú, sem skipuð var árið 1946 til þess að athuga kröfur Íslands á hendur Þýzkalandi, komst að þeirri niðurstöðu, að kröfurnar næmu um 40 miljónum króna. Þýzkar eignir hér á landi voru árið 1945 teknar í vörzlu samkvæmt beiðni Bandaríkjana, Bretlands og Frakklands, og var þá gert ráð fyrir því að eignirnar myndu verða afhentar þeim. ~~Þessi~~ Þessi ríki ákváðu síðar, að réttast væri að eignir þessar væru til ráðstöfunar fyrir Íslenzku ríkisstjórnina upp í skaðabóta-kröfur hennar gagnvart Þýzkalandi. Gerði ríkisstjórnin ráðstafanir til að festa eignir þessar í því skyni og er þar um að ræða húsið við Túngötu 18, sem var eign þýzka ríkisins, og um 4 miljónir króna, sem voru álitnar innstæður Þjóðverja hér á landi, sumpart einstaklinga og sumpart þýzka Þjóðbankans.

(2.) Endanleg ákvörðun hefir enn elgi verið tekin um ráðstöfun þessara eigna, en ríkisstjórnin telur þýðingarmikið í því sambandi, að séð verði um einhverja greiðslu til aðstandenda þeirra Íslendinga, sem fórust af völdum Þjóðverja meðan á stýrjöldinni stóð og voru ótryggðir.